

Reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjarveru á vinnutíma samhliða styttingu vinnuvikunnar

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur sett sér eftirfarandi reglur varðandi fjarveru starfsmanna á vinnutíma samhliða kjarasamningsbundinni styttingu vinnuvikunnar sem hefst þann 1. janúar 2021.

Reglurnar eru byggðar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt ákvæðum kjarasamninga.

Ákvæði 69. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er eftirfarandi “skal atvinnurekandi tryggja að heilsuverndareftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna”.

1. gr. Stytting vinnuvikunnar:

Stytting vinnuvikunnar er samþykkt á hverjum vinnustað fyrir sig og getur vinnutími að hámarki fari úr 40 klst. á viku í 36 klst. og gefur starfsmaður þá eftir forræði sitt á hádegismat og kaffitímum en fær lögbundið 15 mínútuna neyslulél þegar unnið er samfellt í 6 klukkustundir eða lengur.

2. gr. Fjarvera:

- A. Með styttingu vinnuvikunnar er ætlað að samræma betur vinnu og einkalíf. Við styttingu er miðað við að fjarveru innan vinnutíma sé haldið í hófi eins og áður. Dæmi um fjarveru má nefna:
 - i. Læknistímar á vinnutíma, ef ekki er hægt að koma þeim tíma við innan styttingarinnar.
 - ii. Sjúkraþjálfun á vinnutíma, ef ekki er hægt að koma þeim tíma við innan styttingarinnar.
 - iii. Jarðarfarir náinna ættingja.
- B. Við hámarksstyttingu vinnuviku eru alla jafna eingöngu kjarasamningstengd fjarvera heimil, eins og tilgreint er hér að ofanverðu, önnur frávik, skal ræða við yfirmann. Starfsfólk þarf alltaf að stimpla sig út og óska eftir að yfirmaður skrái í vinnustund launað leyfi og setja í skýringar eðli fjarverunnar.

3. gr. Reykpásur:

- A. Vinnustaðir Hafnarfjarðarbæjar eru reyklausir og ekki er gert ráð fyrir að starfsfólk geri hlé á vinnu sinni til að fara í reykpásur. Starfsfólk á vinnustað getur komið sér saman um hvaða reglur eigi að gilda á viðkomandi vinnustað, til dæmis hvort nota megi hádegi eða kaffipásur til að skreppa frá. Reykingar á vinnutíma falla undir fjarveru.
- B. Daglegt neyslulél er **15 mín frá 1. janúar 2021** og reykpásur falla innan þess tímaramma.
- C. Við hámarksstyttingu skal starfsmaður gera samkomulag við yfirmann sinn um það með hvaða hætti slíkar pásur skuli teknar.

- D. Mögulegt er að gera samkomulag um að starfsmaður stimpli sig út til að fara í reykpásu og vinni því sem nemur lengur yfir daginn.

4. gr. Veikindi/Orlof/Uppsöfnun:

- I. Stytting fellur út þegar um veikindi starfsmanns er að ræða.
- II. Stytting fellur út ef starfsmaður er í orlofi þegar hann á að taka út styttinguna.
- III. Styttingu má ekki taka út sem orlof.
- IV. Stytting skal tekin út innan mánaðarins, ellegar fellur hún niður.

Ef starfsmaður sem á að taka út styttingu ákveðinn dag, en getur það ekki vegna veikinda annars starfsmanns/verkefnaálags, eða að beiðni yfirmanns, skal starfsmanni umbunað með því að heimila starfsmanni að taka styttinguna út við fyrsta mögulega tækifæri og hafa forgang ákvörðun dags.

5. gr. Annað:

Hafa ber í huga að öll fjarvera skal framkvæmd í samráði við yfirmann.